

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

29. apríl 2021

Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (málmeðferð virkjunarkosta í vindorku) & þingsályktunartillögu um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.

Með vísan í umsagnabeiðnir frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 15. apríl síðastliðnum, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (málmeðferð virkjunarkosta í vindorku) & þingsályktunartillögu um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, þá veita samtökin hér umsögn sína. Athygli er vakin á því að umsögnin er sameiginleg um þingmálin tvö.

Samorka minnir á nýsamþykka Orkustefnu fyrir Ísland, þar sem mótuð hefur verið sú stefna að „leyfisferli og regluverk verður að vera gegnsætt, einfalt og skilvirkt og ekki lengra eða tímafrekara en best gerist í þeim löndum sem við viljum gjarnan miða okkur við.“ Samtökin gera athugasemd við að nú einungis nokkrum mánuðum eftir að ný orkustefna var lögð fram í þverpólitískri sátt sé innleitt nýtt kerfi í kringum nýtingu vindorku sem sé ekki í samræmi við þessa stefnumörkun.

Samorka leggst gegn framgöngu frumvarpanna og kallar eftir því að í stað þeirra verði hafin vinna, í viðtæku samráði, við að búa til nýtt kerfi í kringum nýtingu vindorku sem raunverulega styður við nýtingu hennar, um leið og gætt er að áhrifum á umhverfið. Yfirlýstur tilgangur málsins var upphaflega að reyna að finna leið til að styðja við nýtingu vindorku. Það er eindregið álit Samorku að þessi tvö þingmál fari í þveröfuga átt við það.

Helstu áherslur í umsögn Samorku

- Vindorka er sjálfsögð viðbót við þá endurnýjanlegu orkukosti sem nýttir eru í dag og er uppbygging hennar hér á landi tækifæri til að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir græna orku á fjölbreyttari máta en nú er gert. Það er nauðsynlegt fyrir framtíðarsamkeppnishæfni raforku á Íslandi að vindorka verði hluti af fjölbreyttri nýtingu endurnýjanlegrar orku héraðs.
- Mikilvægt er að um vindorku sé gott lagaumhverfi sem liðkar fyrir hagnýtingu vinds í þágu samfélagsins en horfir um leið til umhverfisins. Þannig verður Ísland áfram í forystuhlutverki í nýtingu grænnar orku.
- Mikið hefur verið fjallað um að með þessum tveimur frumvarpsdrögum sé verið að innleiða kerfi að skoskri fyrirmynd. Það kom m.a fram í máli umhverfis- og auðlindaráðherra við umræðu um málið. Þá kom einnig fram í umfjöllun um málið í samráðsgáttinni að „hér er í raun horft nokkuð til sambærilegrar hugmyndafræði og þróuð var í Skotlandi sem hefur hins vegar verið aðlöguð að íslenskum aðstæðum“. Samorka er ósammála því það kerfi sem þingmál þessi boða, ferli í sér sambærilega hugmyndafræði og í Skotlandi. Skoska leiðin svokallaða, felur í sér að vindorkunýting sé meðhöndluð í skipulagsferlum sveitarfélaga, byggt á öflugri Landsskipulagsstefnu. Héraðs er ætlunin að skipta landinu upp í svæði, eins og í Skotlandi, en bæta svo við aðkomu rammaáætlunar fyrir meirihluta landsins.

Að mati Samorku er þarna verið að innleiða tvö mismunandi kerfi til auðlindastýringar, án nægilegs tilefnis. Og í raun er um að ræða þrefalt kerfi ef horft er til viðbótar við Landsskipulagsstefnu, sem nú er í þinglegu ferli. Að mati Samorku eru skipulagsferlar sveitarfélaga, með MáU og öðrum ferlum, hentugasti ferillinn fyrir vindorkunýtingu.

- Auk þess að fela í sér tvöfalt kerfi, er sá hluti hins nýja kerfis sem byggt er á fyrirkomulaginu í Skotlandi, umtalsvert þyngri umsvifs en kerfið þar, þ.e. þau viðmið hérlendis eru höfð harðari en þau sem notuð eru í Skotlandi. Hér er sérstaklega vísað til þess að í flokk 1 hefur verið bætt við fjölda landssvæða þar sem uppbygging vindorku er óheimil. Þá er bætt við 10 km nærsvæðum í kringum svæði á náttúrminjaskrá, í flokk 2. **Að mati samtakanna er hér um að ræða ákaflega íþyngjandi viðbætur, sem ekki er tilefni til.**
- Í því nýja kerfi sem hér er boðað, mun ráðherra umhverfis- og auðlindamála taka ákvarðanir um alla vindorkukosti í flokki 2. Landsvæði í flokki 2 eru yfirgnæfandi meirihluti þeirra landssvæða sem ekki eru að öllu lokuð fyrir nýtingu vindorku. **Þetta þýðir að framtíðarumhverfi vindorkunnar á Íslandi felur í sér að ráðherra mun taka ákvarðanir um langflest framkvæmdaáform í vindorku.** Þetta er að mati Samorku mikil afturför í íslenskri stjórnslu. Samtökin kalla eftir faglegu ferli – frekar en að pólitískt skipaður ráðherra sé að taka ákvarðanir um einstaka framkvæmdaáform.
- Afar takmörkuð svæði eru í flokki 3, þeim flokki sem á að nafninu til að ýta undir nýtingu vindorku á einfaldan og skilvirkan máta. Þau svæði sem þó eru eftir þar, eru að verulegu leyti svæði sem eru tæknilega óhentug fyrir nýtingu vindorku. **Þetta eru vonbrigði í ljósi yfirlýsinga um að stefna ætti að einföldu og skilvirku ferli sem liði fyrir nýtingu vindorku.** Rétt er að hafa í huga að vindorkukostir í flokki 3 eru langt því frá að fá sjálfkrafa heimilid til uppbyggingar, því þeir þurfa engu að síðu að lúta hefðbundnu skipulags- og leyfisveitingarferli ferli með mati á umhverfisáhrifum og öðrum opinberum kröfum.
- Að mati Samorku er eðlilegt að vindorkukostir séu afgreiddir í gegnum hefðbundna skipulagsferla sveitarfélaga, að teknu tilliti til Landsskipulagsstefnu. Í Landsskipulagsstefnu kæmi þá fram stefnumótun löggjafans um hvernig sveitarfélög eiga að standa að því verkefni. Þar vekur Samorka athygli á að nú er til umsagnar á þingi, þingsályktunartillaga um viðbót við Landsskipulagsstefnu, þar sem einmitt er mótuð slík stefna varðandi helstu atriði sem snúa að nýtingu vindorku.

Ábendingar um grundvallaratriði

Í umfjöllun um vindorku í nýrri orkustefnu fyrir Ísland kemur eftirfarandi fram: „Fjölbreytni í orkuöflun stuðlar að bættu orkuöryggi og sveigjanleika orkukerfisins. Þó að Ísland búi enn yfir óbeisluðu vatnsafla og jarðhita, er skynsamlegt að auka fjölbreytni í orkugjöfum með hagnýtingu vindorku og annarra nýrra endurnýjanlegra orkukosta fyrir raforkuvinnslu.“

Á Íslandi eru aðstæður mjög góðar til orkuframleiðslu úr vindi. Vegna hagstæðra vindskilyrða er kostnaður við hverja orkueiningu minni. Það getur veitt Íslandi samkeppnisforskot nú þegar vindorka verður sífellt hagkvæmari eftir því sem tækninni fleygir fram. Að auki fellur framleiðsla vindorku vel með annarri orkuframleiðslu. Með því að nýta vindorku er áfram stuðlað að samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Hér á landi hafa komið fram hugmyndir um marga vindorkukosti til nýtingar. Hins vegar skortir mjög á fullnægjandi lagaumgjörð svo þeir geti fengið eðlilegan framgang. Að mati Samorku er mikilvægt að regluverk um vindorku sé skýrt og skilvirkt.

Vindorkunýting hefur sérstöðu þar sem hægt er að reisa vindorkuver mjög víða út frá tæknilegum sjónarmiðum, umhverfisáhrif hennar eru afturkræf og að mestu leyti bundin við þann tíma sem nýting stendur yfir. Þetta skapar tækifæri til að hafa regluverkið einfaldara en um aðra orkunýtingu. Það myndi einnig auðvelda nýjum og minni framleiðendum að koma inn á markaðinn, sem stuðlar að aukinni samkeppni.

Tillögur þessar að breytingum á lögum um vernd og orkunýtingaráætlun og drög að þingsályktun um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, þýða að um vindorku mun gilda tvöfalt kerfi. Það skýtur skökku við að svo umhverfisvænn orkukostur þurfi að fara í gegnum verulega þungt og flókið ferli.

Samorka, sem og fleiri aðilar, hefur kallað eftir því að fram fari heildarendurskoðun á ferli rammaáætlunar eða hún lögð niður, þannig að fram komi nýtt skilvirkt fyrirkomulag, sem tryggir að ákvarðanir um nýtingu eða vernd orkuauðlina séu teknar með heildarhagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Samorka telur því ekki gagnlegt að bæta ákvörðunum um nýtingu á vindorkukostum inn í verkahring verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Að auki þá er það mat samtakanna að nýting vindorku passar illa við rammaáætlunarferlið:

- Eðli vindorkuverkefna er þannig að langtíma- eða varanleg áhrif þeirra á náttúru og umhverfi eru lítil.
- Ákvarðanir um vindorkunýtingu svipa mun frekar til þeirra ákvarðana sem reglulega eru teknar í skipulagsferlum sveitarfélaga, heldur en þeim tilgangi sem rammaáætlun er ætlað að ná fram varðandi vatnsafl og jarðvarma.
- Sérlega mikilvæg grundvallaratriði í undirbúningi vindorkuverkefna eru, eðli málsins samkvæmt, annars vegar áhrif á fugla og hins vegar sjónræn áhrif sem vindmyllurnar hafa á líftíma vindmylla. Vandséð er að ekki sé nægjanlegt að þessi áhrif séu metin í hinu lögformlega mati á umhverfisáhrifum - og rammaáætlunarferli því ónauðsynlegt vegna vindorku.

Með hliðsjón af ofangreindu eru að mati samtakanna augljós rök fyrir því að vindorka eigi ekki erindi í rammaáætlun. Þar að auki hefur ferlið reynst tímafrekt og ekki til þess fallið að liðka fyrir hagnýtingu vindorku. Ekkert tillit er tekið til orkuöryggis í rammaáætlun og ferlið tryggir ekki að orka sé nýtt á sem hagkvæmastan hátt, m.t.t. bæði umhverfissjónarmiða og hagsmuna atvinnulífs, sveitarfélaga og samfélagsins almennt. Mat Samorku er því að ekkert sé því til fyrirstöðu að skipulagslöggjöfin og löggjöfin um mat á umhverfisáhrifum teljist fullnægjandi málsmeðferð gagnvart þróun vindorkuverkefna. Í slíku ferli er aðkoma almennings og hagsmunaaðila tryggð og með mati á umhverfisáhrifum er tryggt að neikvæð umhverfisáhrif séu lágmörkuð og framkvæmdin í góðu samræmi við umhverfissjónarmið, sem er mikilvægt að mati Samorku.

Samorka tekur undir eftirfarandi áherslur í orkustefnu fyrir Ísland: „Nauðsynlegt er að hafa öfluga stjórnsýslu sem getur uppfyllt sínar skyldur með skilvirkum hætti og styðji þannig við þarfir samfélagsins er varða orkumál. Ferli leyfisveitinga þarf að tryggja að aðilar uppfylli kröfur um leið og það er einfalt og skilvirkt þannig að tímafrestir séu hæfilegir í samanburði við það sem best gerist í þeim löndum sem við miðum okkur gjarnan við“. **Að mati Samorku stefnir ekki í að þessi markmið orkustefnu um einfalt og skilvirkt regluverk verði uppfyllt með þingmálum þessum.**

Athugasemdir um einstaka kafla og greinar

Í umsögn Samorku er bæði fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd og orkunýtingaráætlun og þingsályktunartillögu um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands. Saman mynda málin heildstætt kerfi sem samtökin hafa ýmsar athugasemdir við. Þrátt fyrir að Samorka leggist gegn framgöngu frumvarpanna, vilja samtökin koma á framfæri athugasemdum um eftirfarandi kafla og greinar:

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun

1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að vindorkukostir yfir 10 MW teljist til þeirra orkukosta sem fjallað er um í lögum um verndar- orkunýtingaráætlun. Samorka telur tilefni til að endurskoða stærðarmörkin sem lögð eru til hér. Vegna mismunandi eðlis vindorku m.v vatnsafl og jarðvarma væri nærri lagi að miða við framleidda orku, eða að hækka mörkin í takt við eðli vindorku. Þannig er 10 MW uppsett afl í vindorku sambærilegt við 25-30 MW uppsett afl í vatnsafl eða jarðvarma, ef horft er til framleiddrar orku.

4. gr. b. Málsmæðferð verkefnisstjórnar vegna virkjunarkosta til nýtingar vindorku.

- Fram kemur í greininni að „Komist verkefnisstjórn að þeirri niðurstöðu að virkjunarkostur til nýtingar vindorku sé að hluta eða að öllu leyti innan landsvæðis í flokki 1 er verkefnisstjórn óheimilt að taka slíkan virkjunarkosti til frekari efnismeðferðar.“ Að mati Samorku er orðalag greinar þessar óskýrt og opnar á víðtæka túlkun á hvort að virkjanakostur sé „innan landsvæðis í flokki 1“. Er virkjunarkostur t.d. innan landsvæðis í flokki 1 ef verkefnisstjórn skilgreinir áhrifasvæði í kringum kostinn sem snertir á landsvæði í flokki 1? Í rammaáætlun 3 var áhrifasvæði (af faghópi 1) skilgreint með 25 km radíus í kringum vindlundinn. Mikilvægt er að skýra að hér sé átt við um staðsetningu vindlundsins sjálfs og ekki e-s konar áhrifasvæðis í kringum hann. Hið sama á við um 2. mgr. og hlutverk verkefnisstjórnar við að meta hvort að virkjunarkostur sé innan landssvæðis í flokki 2.
- Fram kemur að „við umfjöllun um virkjunarkosti innan svæðis í þessum flokki skal verkefnisstjórn leita til viðeigandi faghópa, skv. 9. gr., við mat á afmörkuðum þáttum þess virkjunarkosts sem fjallað er um“.
 - Samorka gerir athugasemd við þá breytingu sem orðið hefur á greininni frá því að málið var kynnt í samráðsgátt. Þá var orðalag hennar á þann hátt að verkefnisstjórnin gæti leitað til faghópa, ef tilefni væri til. Að mati samtakanna er þessi breyting mikil afturför og til þess eins fallin að tefja för virkjunarkosta í gegnum þegar flókið ferli. Samtökin spyrja hvaða tilefni er til að skylda verkefnisstjórn í öllum tilfellum til að leita til faghópa?
 - Þá kallar Samorka eftir því að skilgreint verði nánar hvert hlutverk faghópanna verði. Eitt af meginvandamálunum við rammaáætlunarferlið í dag, er hvernig faghópar rammaáætlunar hafa skilgreint verkefni sín á mjög víðtækan hátt og búið til ferli til mats á áhrifum virkjanakosta sem er í litlum tengslum við raunveruleg áhrif. Það er því mikilvægt að löggjafinn skilgreini nákvæmar hvernig þetta ferli á að líta út, þannig að verkefnisstjórn vinni eftir leikreglum Alþingis en búi þær ekki sjálf til.
 - Að mati Samorku væri í raun ekki heppilegt að fjallað væri um vindorkukosti í núverandi faghópum rammaáætlunar. Nærtakara væri að stofnaður verði sérstakur faghópur með sérþekkingu á vindorkumálum, sem starfi svo innan tímamarka nýja kerfisins sem lagt er til með þingmálum þessum.
- Gert er ráð fyrir að „Umsögn verkefnisstjórnar skal liggja fyrir innan átján vikna eftir að umsóknin berst verkefnisstjórn frá Orkustofnun“.
 - Í þeim drögum sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda, þá var gert ráð fyrir tólf vikna tímafresti. Samorka gerir athugasemd við breytingu þessa og sér ekki tilefni fyrir henni

- Það er jákvætt að sett eru tímamörk á umfjöllun verkefnisstjórnar og fagnar Samorka því. Það vantar hins vegar upp á að skilgreint sé hvað gerist ef að verkefnisstjórn stendur ekki við þennan tímafrest. Að mati samtakanna væri þá eðlilegt að virkjanakosturinn haldi áfram í skipulagsferlinu, þ.e. að fallið verði frá aðkomu rammaáætlunar og kosturinn fari beint í skipulagsferli sveitarfélaga.

4. gr. c. Málsmeðferð ráðherra vegna virkjunarkosta til nýtingar vindorku.

- Það er álit Samorku að grein þessi feli í sér mikla afturför í íslenskri stjórnslu. Ef að fyrirkomulag það sem hún boðar nær fram að ganga, **þá mun ráðherra í raun taka ákvarðanir um einstaka vindorkukosti á stórum meirihluta þess landsvæðis sem ekki er með öllu lokað fyrir vindorkunýtingu.** Hér mætti spyrja sig hvort að slíkt fyrirkomulag þætti eðlilegt í öðrum atvinnugeirum. Væri t.d. eðlilegt fyrirkomulag að ráðherra ferðamála taki ákvarðanir um uppbyggingu einstaka hótela eða sjávarútvegsráðherra um uppbyggingu einstaka frystihúsa. En þetta er raunverulega fyrirkomulagið sem lagt er til fyrir vindorkunýtingu. Eftir umfjöllun verkefnisstjórnar fara allir vindorkukostir í flokki 2 til ráðherra, sem svo samþykkir þá eða hafnar þeim. **Samorka kallar eftir því að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað, og að stefnt verði að því að koma á faglegu skipulagsferli fyrir ákvörðun um nýtingu vindorkunnar – frekar en að pólitískt skipaður ráðherra taki ákvarðanir um einstaka framkvæmdir.**
- Ekki er fjallað um það í greininni, hvað gerist ef að ráðherra stendur ekki við þau tímamörk sem sett eru á ákvörðun ráðherra. Að mati samtakanna væri í slíku tilfelli eðlilegt að kosturinn fari áfram í skipulagsferli sveitarfélaga. Það er mikilvægt að virkjunaraðilar hafi e-a vissu um það hversu langan tíma það taki orkukost að fara í gegnum hið flókna kerfi sem þingmál þessi tvö leggja til að verði innleitt hérlendis.
- Samtökin fagna því að gert er ráð fyrir að umsækjanda verði „heimilt að leggja virkjunarkost innan landsvæði í flokki 2, skv. 10. gr. a., að nýju til umsagnar hjá verkefnisstjórn, telji hann að unnt sé að bregðast við framkomnum ábendingum og athugasemdum við fyrri meðferð málsins.“. Hér er um að ræða mikla framför m.v núverandi fyrirkomulag rammaáætlunar.

Athugasemdir við drög að þingsályktun um opinbera stefnu vegna vindorku

Flokkur 1. Landssvæði þar sem öll uppbygging vindorkuverka samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, verði óheimil

- Í umfjöllun um málið í Samráðsgátt stjórnvalda var fjallað um það að fyrirmyndin að baki því að skipta landinu upp í þrjú mismunandi svæði sé komin frá Skotlandi. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur einnig í fjölmiðlum fjallað um hvernig um sé að ræða kerfi að skoskri fyrirmynd, enda virki kerfið vel þar og sé gott. Í greinargerð með frumvarpinu er dregið úr þessu og talað um að þetta hafi ekki verið fyrirætlunin. Samtökin vekja athygli á því að sú umfjöllun er í ákveðnu ósamræmi við opinbera kynningu ráðherra á málinu.

Samorka tekur undir það að kerfið hafi gengið vel í Skotlandi, en gerir alvarlegar athugasemdir við að innleiðingu þess á Íslandi séu gerðar stórar breytingar, sem miða allar að því að herða kerfið og gera framtíðarnýtingu vindorku ólíklegri. Flokkur 1 – landssvæði þar sem öll uppbygging vindorkuvera er óheimil, er gott dæmi um það. Í Skotlandi voru einungis Þjóðgarðar og „national scenic areas“ í flokki 1. **Eftirfarandi svæði eru í flokki 1 á Íslandi (og þannig útilokuð frá vindorkunýtingu), en eru í flokki 2 í Skotlandi.** Sjá viðauka 1 þar sem ítarlegar er borin saman flokkun svæða á Íslandi og í Skotlandi.

- Friðlýst svæði á A-hluta náttúruminjaráráðs. Eftirfarandi friðlýsingarflokkar samkvæmt lögum um náttúruvernd falli hér undir:
 - Náttúruvé

- Óbyggð víðerni
 - Náttúruvætti
 - Friðlönd
 - Landslagsverndarsvæði
 - Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
 - Náttúruminjar í hafi
 - Fólkvangar
 - Friðlýsing heilla vatnakerfa. Undir flokk friðlýstra svæða falli svæði sem friðlýst hafi verið á grundvelli eftirfarandi sérlaga:
 - Lög um verndun Breiðafjarðar
 - Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum
 - Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu
 - Lög um vatnajökulsþjóðgarð
 - Undir flokk friðlýstra svæða falli ekki þau svæði sem friðlýst eru á grundvelli verndarflokks verndar- og orkunýtingaráætlunar um vatnsafl eða jarðvarma, sbr. friðlýsingarflokk 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.
 - Svæði á heimsminjaskrá UNESCO og svæði sem hafa verið tilnefnd á skrána
 - Ramsarsvæði
 - Óbyggð víðerni innan marka miðhálandis
 - Svæði á B hluta náttúruminjaskrár
 - Friðlýstar menningarminjar
- Samorka bendir á að með þeim friðunaráformum sem til umræðu eru nú hérlendis stefnir í að þetta landssvæði verði allt að 50% landsins. **Í Skotlandi er sambærileg tala 8%. Samtökin spyrja hvert er tilefnið til þess að hafa kerfið hérlendis svo mikið þyngra en í Skotlandi.**
- Þá er mörgum spurningum ósvarað um hvernig flokkur 1 mun í raun leggjast út og þar með hversu stór svæði lendi í raun á bannsvæði. Eins og myndin lítur út núna er ljóst að svæði 1 er stórt og mun síðan stækka enn frekar ef hálandisþjóðgarður með jaðarsvæðum verður að veruleika. Hér þarf líka að hafa í huga að friðlýsingarflokkarnir óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði (gr. 1.2. í tillögu til þingsályktunar) eru enn mjög óræð svæði í stærð. Nú er til umræðu viðbót sérákvæðis í náttúruverndarlögin um kortlagningu á óbyggðum víðernum, fjölgun þjóðgarða o.fl., sem mun hafa mikil áhrif á þetta.

Flokkur 2. Landssvæði sem geta talist viðkvæm með tilliti til hagnýtingar vindorku, en þar sem slík uppbygging getur þó komið til greina samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011.

- Á sama hátt og fyrir svæði í flokki 1, þá gerir Samorka alvarlega athugasemd við að hér sé gengið ákaflega langt - og mun lengra en í Skotlandi. Þar er afdrifaríkast að bætt er við 10 km nærsvæðum í kringum öll friðlýst svæði skv. A-hluta náttúruminjaskrár eða svæði sem er á B-hluta náttúruminjaskrár í flokki 1. Samorka kallar eftir því að þetta verði endurskoðað og nærsvæði tekin út.
- Þá er einnig bætt við svæðum á C hluta náttúruminjaskrár, en sambærileg svæði eru ekki í flokki 2 í Skotlandi

Flokkur 3. Landssvæði sem falla ekki undir svæði 1. né svæði 2.

- Hér er um að ræða landsvæði þar sem vindorkukostir fara í hefðbundið skipulagsferli. Rétt er að minna á að þær framkvæmdir þurfa m.a. að fara í gegnum: Mat á umhverfisáhrifum, aðkomu

- Skipulagsstofnunar og Orkustofnunnar, skipulagsferli og leyfisveitingar sveitafélaga, með tryggðri aðkomu almennings og haghafa. Að mati Samorku ætti þetta landsvæði að vera stærsti hluti landsins.
- Að mati Samorku er þessi flokkur svo lítill að hann mun raunverulega hafa afar takmörkuð áhrif á nýtingu vindorku á Íslandi. Eins og sést í kortasjá þeirri sem gefin var út með tillögunum þá er undir 5% af landinu í þessum flokki (sem að nafninu til á að greiða fyrir nýtingu vindorku). Þau landssvæði sem þó lenda í þessum flokki eru að miklu leyti landssvæði sem eru tæknilega ómöguleg fyrir nýtingu vindorku (t.d vegna landfræðilegra aðstæðna).
 - Samorka kallar eftir því að flokkaskiptingin verði endurskoðuð og horft til þess að vera með sambærilega skiptingu og í Skotlandi. Þetta myndi hafa þau áhrif að flokkur 3 yrði raunverulegur valkostur sem myndi styðja við nýtingu vindorku, og beina að stöðum þar sem slík nýting er ákjósanleg.

Að síðustu þá þakkar Samorka fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og eru samtökin tilbúin til að koma að vinnu málsins í framhaldinu. Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Sigurjón Norberg Kjærnested, forstöðumaður.